

Nr. 17-072 S 051 Hrafn GK 111***Skipverji slasast í veiðafærum***

Skipaskr.nr. 1401
Útgerð: Þorbjörn hf.
Smíðaður: Noregur 1974, stál
Stærð: 446 brl. 601 bt.
Mesta lengd: 52,82 m Skráð lengd: 48,46 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6,45 m
Vél: Wichmann 727 kW, 1974
Fjöldi skipverja: 14



Hrafn©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2017 var Hrafn GK 111 á línuveiðum á Eldeyjarboða. Veður: NV 1 m/s og sléttur sjór.

Skipverjar voru að leggja línuna út um lúgu á millipílvari og var einn þeirra á veðurpílvari að setja út millifærin fyrir hana. Einhver fyrirstaða kom á færið þar sem það var dregið í fyrstu málmlykkjuna á rekkverkinu. Skipverjinn tók í færið en kipptist með því þegar það losnaði skyndilega.



Skipverjinn kastaðist nokkra metra aftur með pílvarinu og fékk m.a. áverka á vinstri olnboga við fallið.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá skipstjóra og slasaða að sennilega hefði færið verið dregið of langt inn um rauf málmlykkjunnar þannig að bugt myndaðist (*sjá efri mynd*) og það festist. Neðri myndin sýnir réttan frágang á færinu;
- að fram kom hjá skipstjóra að hnífar væru tiltækir á þessu svæði og við



Þessar aðstæður hefði átt að skera á færið eins og kennt er við þessar aðstæður;

- að slasaði var að leysa af sem vaktformaður og fram kom hjá skipstjóra að hann hefði verið óvanur þessu starfi;
- að skipverjinn kvaðst ekki hafa gáð að sér við þetta en hann marðist illa á vinstri hendi og öxl en brotnaði ekki.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er að reynt var að losa færið í stað þess að skera það laust.